

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Hrunamannahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

Deiliskipulagsbreyting, Gröf og Laxárhlið, Víðihlið 1-15 og Reynihlið 3.

Í breytingunni felst sameining 7 lóða í 2 lóðir. Núverandi landnotkun lóðanna samkvæmt deiliskipulagi gera ráð fyrir verslunar- og þjónustuhúsum á tveimur hæðum með heimild fyrir íbúðum á efri hæð. Fjölbýlishúsum á tveimur hæðum, einbýlishúsum á einni hæð og raðhúsi á einni hæð. Eftir breytingu er gert ráð fyrir að eftir standi heimild fyrir uppbyggingu á verslunar- og þjónustuhúsum á 2-3 hæðum.

Samþykkt í sveitarstjórn 21. nóvember 2024.

Deiliskipulagsbreyting, Flúðir, iðnaðarsvæði, Iðjúsílóð 7, 9 og 11, sameining lóða.

Um er að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi sem tekur til iðnaðarsvæðis á Flúðum. Í breytingunni felst að Iðjúsílóð 7, 9 og 11 verði sameinaðar í eina lóð þannig að heildarstærð lóðar verður 6.233 m². Einnig breytast tengingar frá Iðjúsílóð inn á nýja lóð 7-11 og neyðartengingu verður komið fyrir við Vallarslóð.

Samþykkt í sveitarstjórn 21. nóvember 2024.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 2. desember 2024.

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,

Vigfús Þór Hróbjartsson.

B-deild – Útgáfudagur: 16. desember 2024